

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Litluborgir í landi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Litluborgir í landi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

#### 1. gr.

Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki raska jarðminjum, gróðri eða dýralífi innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka og viðburðir eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Heimilt er að setja skilyrði um t.d. fjölda þeirra sem koma að viðburðinum, umgengni og aðstöðu þegar slík leyfi eru veitt.

#### 2. gr.

Heimilt er að hjóla á skilgreindum hjólastígum séu þeir til staðar.

#### 3. gr.

Umhverfisstofnun getur takmarkað umferð á viðkvæmum svæðum, þar sem hættu er á raski á náttúruminum eða vegna erfiðra gönguaðstæðna, og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 3. júlí 2024.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*